


UPPSETNING INNIHURÐA


LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU OG FRÁGANG Á PRUM INNIHURÐUM

Það er ótrúlega auðvelt að koma Prum hurðunum fyrir. Það þarf hvorki að skrúfa karminn í vegginn né negla. Þó ber að minna á að til að tryggja bestan frágang gæti verið rétt að leita til fagmanna.



1. Veggmál og opnun

Berið merkingar á umbúðunum saman við vegg mál og opnun, þ.e. vinstri eða hægri.



2. Karmur settur saman

Berið trélím á samsetningarflatina og sláð spennurnar í raufirnar.



3. Karmur settur í dyrnar

Stillið karminn af í dyrunum og notið fleyga til að skorða hann (2 fleyga að ofan og 3 á hvora hlið). Setjið stífur á móti hliðarfleygunum.




4. Karmurinn festur

Sprautið festifraudi milli karms og veggjar á móts við stífur. Fylgið í öllu leiðbeiningum á frauðbrúsanum



5. Hurðarfaldur festur í karminn

Þegar frauðið er þornað er gerefntinu einfaldlega rennt í raufina.



6. Lamir settar í karminn

Setjið lamirnar í lamastykkið á innanverðum karminum og látið þær standa um 2 mm út úr karminum. Fes- tið þær með sexkanti í gegnum götin á hlið karmsins.



7. Að lokum

Festið hurðina á karminn og fjarlægið stífurnar.

LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU Á EI-CS30 OG EI-CS60 HURÐUM OG FRÁGANG Á PRUM EI-CS30 HURÐUM

1. Losið úr lamir sem fyrir eru í hliðarstykki og setjið meðfylgjandi EI-CS30 lamir og skráfur (5 stk.pr/löm).
2. Skrúfið slúttjárn úr hliðarstykki og skrúfið meðfylgjandi slúttjárn í hliðarstykkið með sömu skráfum.
3. Berið trélím á alla samsetningarfleti karmsins. Setjið topp- og hliðarstykki karms saman með þar tilgerðum smellum og hjámiðjuklemmum; nánari skýringar fylgja með karmi.
4. Setjið karminn í hurðargatið og stillið af með tréfleygum, notið þröskuld sem mát til þess að halda réttu bili að neðan, stillið lóðrétt og lárétt. Nauðsynlegt er að stilla karminn vel af í lóð til þess að hurðin leggst vel í þéttlistana og góð reykþétting náist.
5. Leggið meðfylgjandi mátborða við lamagat karmsins og borið með 20 mm bor í gegnum gerefntið. Festið nú lömina í vegginn með 10 x 110 mm járnhulsbolta 2 stk. í hvora löm (ekki má nota skráfur með plasttappa), lokið gatinu með tappa.

6. Karminn skal skráfa í hurðargatið með minnst 4 stk. járnhulsboltum (sama stærð) í hvort hliðarstykki.
7. Harðpakka skal með steinull milli veggjar og karms.
8. Berið trélím á samsetningarfleti gerefnta og setjið saman með hjámiðjuklemmum.
9. Rennið síðan gerefntinu í raufina.
10. Skrúfið lamirnar á hurðina með 4,0 x 50 mm skráfum og hengið hana á karminn; kannið vel hvernig hurðin leggst í þéttlistana og stillið af.
11. Þröskuld skal svo líma niður með þiljugripi.
12. Límið meðfylgjandi EI-CS30 viðurkenningarmerki í hurðafals.

